



211. fundur Skólanefndar FS 19. nóvember 1996

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason,
áheyrnarfulltrúarnir Þórunn Friðriksdóttir og
Tryggvi Þór Reynisson og Ólafur Jón Arnbjörnsson
skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Skólastarf á haustönn.
2. Búnaðarkaup.
3. Önnur mál.

1. Skólastarf á haustönn.

Skólameistari sagði frá starfinu það sem af er vetri og breytingum sem gerðar hafa verið á stoðkerfinu. Útskrift verður laugardaginn 21. desember.

2. Búnaðarkaup.

Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum kaupum á hermi fyrir vélstjórnardeild.

3. Önnur mál.

a) Rætt um afmælisrit skólans og mistök sem urðu við dreifingu þess. Samþykkt að fara fram á við prentsmiðjuna að hún birti opinbera afsökun á mistökunum.

b) Jón Ingi spurði um reglur um mætingar. Skólameistari svaraði fyrirspurninni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

A handwritten signature in black ink, reading "Guðmann Kristþórsson", written over a horizontal line.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari